

Frjáls þjóð  
4. bl. 1. og.  
Mánudaginn 29. september 1952.

## Fræðabálkur

### Daufar Austantórir

Nýlega er komið út 3. hefti og þar með lokið fyrra bindi þessa mikla ritverks Jóns heitins Pálssonar, bankagjaldkera. Þegar þess er gætt, hve hér er ritað um lystilegt efni af öðrum eins merkismanni og höfundu, vekur það óneitanlega nokkra furðu, að lesturinn skuli ekki reynast lystilegri. En skýringarinnar er ekki langt að leita. Höfundurinn steytir á því skeri, sem leiðinlega marga hendir. Hann gerir sér títt um gaman og kímni, en hefur auðsjáanlega verið manna gersneyddastur lifandi tilfinninga fyrir hvoru tveggja. Gættir kímniðskortsins einnig til бага þegar höfundurinn fjallar um alvarleg efni. Fer þessi annmarki hans undarlega fram hjá útgefanda svo sem formálsorð hans fyrir 3. hefti ritsins bera vitni um.

Táknandi er meðferð höfundar á gamanvísu einni, sem tilfærð er í ritinu (3. h., 187. bls.) þannig:

Ingibjörg er afar-mjó,

og ógna þunn að framan.

En mætti ekki skera hana í

sundur,

og skeyta hana svo saman?

Þeir, sem næmara eyra hafa fyrir gamni og kímni — og vísunum, kunna erindi þetta þannig:

Ingibjörg er aftan breið,

en örmjó framan.

Skyldi ekki mega skera hana

sundur

og skeyta hana saman?

Vísuna mun hafa ort Jo. Runólfsson frá Gilsárteigi, Ameríkuskáld.

1952.

Tinnun 25.9.1952

3.

## Austantórir

Helgafell hefir sent á mark að þriðja hefti af Austantórum um Jóns Pálssonar og er þá komið út heilt bindi. Þessu síðasta hefti fylgir sameiginleg nafnaskrá fyrir allt verk-ið, sem nú er orðið eitt sæmi-lega myndarlegt bindi að fyr-irferð.

Mesta ritgerðin í þessu hefti er um séra Eggert Sigfússon í Vogsósum auk sagna um hann og fylgir þessu sitt af hverju úr syrþum hans. Sumt af þessu birtist áður í Óðni og Blöndu en er nú nokkru fyllra í þessari útgáfu. En auk þess er í heftinu margs konar fróð-leikur um menningu og at-vinnulíf og þjóðhætti sunnan lands á þeim tíma, sem höf-undur mundi.

Það er gaman að kynnast mönnum eins og séra Eggert í Vogsósum, gáfuðum atgervis mönnum, sem þó eru einkenni legir og fara sinna ferða utan við almanna-leið. Er það góðra gjalda vert, að Jón Pálsson hélt þeim fróðleik til haga með ráðvöndni og trú-mennsku, svo að lesandinn leyfir sér ekki að rengja frá-sögnina.

Í fyrri heftum þessa verks var mikill fróðleikur um hina

frægu og merkilegu stofnun, Eyrarbyggðaverzlun. Lefaús kaupmanns, og koma þar margir við sögu. Nokkur ljóð ur virðist mér það á sögunni, að menn, sem koma við ýmsar skritlur þessar, eru oft ekki nafngreindir, en virða má það til vorkunnar, svo viðkvæmir sem menn eru stundum fyrir því, ef sögur komast á prent, enda þótt þær séu jafnvel á hvers manns vörum. Í þessu hefti eru einkum frásagnir og lýsingar á Eyrarbyggð og Stokkseyri, m. a. um barna-skólana þar.

Austantórir er skemmtileg bók aflestrar en jafnframt fróðleg og menntandi og ger-ir menn margs vísari um það fólk, sem lagði grundvöllinn að velmegun og hagsæld þeirra, sem nú eru uppi. Og það heyrir til menntuðum Ís-lendingi að vita skil á slíku.

Guðni Jónsson hefir búið Austantórir til prentunar. Hann getur þess í formála fyr-ir þessu síðasta hefti, að áformað sé að gefa út annað bindi á líka úr safni því, sem Jón Pálsson lét eftir sig. Fyrir þjóðlegan fróðleik um sögu og menningu Árnesinga væri æskilegt að það kæmist í verk.

H. Kr.

Tinnun 20.9.52

### Austantórir Jóns Pálssonar allar komnar út

Komið er út á vegum bóka-útgáfu Helgafells þriðja bindi af Austantórum Jóns heitins Pálssonar, sem Guðni Jónsson hefir búið undir prentun. Er þetta síðasta bindi í ritverki þessu að líkindum. Í þessu bindi eru ritgerð um séra Egg-ert Sigfússon prest að Vogs-ósum og sagnir um hann margar. Þættir frá Eyrar-byggð og Stokkseyri, ýmsar endurminningar höfundarins og að síðustu nafnaskrá yfir öll bindin. Bindi þetta er á þriðja hundrad blaðsíður, en öll eru bindin nokkuð á sjötta hundrad síður. Er þetta orðið allmerkt safn og gírni-legt til fróðleiks um þjóð-hætti og aldafer á fyrri öld.